

**Til nefndasviðs Alþingis**

**Dags. 18. febrúar 2022**

**Sendandi:** Linda Karen Gunnarsdóttir hestafræðingur

**Umsögn um þingsályktunartillögu 42/151 um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.**

Undirrituð gerir athugasemdir við eftirfarandi liði:

**Aðgerð 9**

*Aðgerðin mælir fyrir um að eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni.*

Gera má ráð fyrir að þessi liður eigi m.a. við eftirlit með velferð búfjár.

Með nýjum lögum um búfjárhald 38/2013 var eftirlit með velferð búfjár fært frá sveitarfélögunum til Matvælastofnunar. Þessari breytingu fylgdi töluverð einföldun þar sem dregið var úr reglubundnu eftirliti. Búfjárefartilrit byggir nú á svokallaðri áhættuflokkun þar sem aðeins hluti bænda á hverju svæði fær heimsókn frá búfjáreftilitsmanni, í stað árlegrar heimsóknar til allra bænda sem var áður. Eftirlit með velferð búfjár þarf að vera tryggt, það er fyrirbyggjandi og stuðlar að nauðsynlegu inngripi þegar í óefni er komið. Búfjáreftilrit þarf að auka hér á landi til að auka líkurnar á því að vandamál verði greind á frumstigi, þ.e. heimsóknir til bænda ættu að verða árlegar og þar með reglulegar eins og áður var.

Eftirlit með velferð dýra sem haldin eru vegna matvælaframleiðslu má ekki skerða frekar á nokkurn hátt. Þennan lið þarf að fella burt.

**Aðgerð 18**

*Stutt verði við hrossarækt og hún efld til að nýta þau tækifæri sem þar liggja, m.a. til aukins útflutnings á lifandi hrossum og til nýtingar merarblóðs í lyfjaframleiðslu.*

Komið hafa fram gögn sem sýna að meðhöndlun á fylfullum hryssum við blóðtöku samræmist ekki lögum 55/2013 um velferð dýra og reglugerð 910/2014 um velferð hrossa.

Blóðmerahald byggir á stórum stóðum lítið tamdra hryssa sem yfirleitt eru lítilli snertingu við manninn. Þegar þessar hryssur eru reknar í rétt að hausti og síðan á blóðtökubás þar sem þær eru bundnar fastar verða þær eðlilega hræddar, enda um að ræða flóttadýr. Hryssurnar geta orðið mjög órólegar í

blóðtökubásnum, ekki síst vegna þess að folaldið fylgir þeim ekki og þá eðlilegt fyrir þær að reyna að komast úr aðstæðunum með því að berjast um. Dýravelferðarsamtökin AWF/TSB náðu upptökum af slíkum viðbrögðum hryssa á blóðtökubás og þeirri harðýðgi sem þær voru beittar í kjölfarið, í þeim tilgangi að koma þeim í ástand lærðs hjálparleysis (e. learned helplessness). Þarna var um að ræða brot á lögum 55/2013 um velferð dýra eins og komið hefur fram.

Lært hjálparleysi (e. learned helplessness) er varnarviðbragð ósjálfráða taugakerfisins við hættu þar sem dýr bregst við áreiti með því að gefast upp. Dýrin komast ekki undan áreitinu og læra að láta það yfir sig ganga. Áður en að þessari uppgjöf kemur eru varnarviðbrögð dýrs barátta eða flótti (e. fight or flight response). Þar sem um er að ræða mikinn fjölda hryssa sem allflestar eru lítið tamdar má gera ráð fyrir að flestar séu þær að venjast blóðtökunni í gegnum lært hjálparleysi. Að þvinga dýr í slíkt varnarviðbragð er brot á lögum um velferð dýra.

Í 7 gr. reglugerðar 910/2014 um velferð hrossa um meðferð kemur fram að bannað er að beita hross harðýðgi eða annari illri meðferð. Í 2 gr. er harðýðgi skilgreind svohljóðandi: Gróf valdbeiting, svo sem barsmíðar, þrengja að blóðrás til heila (hengja), snúa hross niður á eyrum, *uppgefa hross til dæmis með bindingum* eða gefa þeim rafstuð. Í blóðtöku eru hryssurnar bundnar á blóðtökubásnum með gjörðum yfir bak svo þær geti ekki reist sig upp á afturfætturna. Síðan er höfuðið bundið upp og fest. Hryssurnar komast ekki undan. Meðferð á hryssum í blóðtöku, þar sem þær eru bundnar og þar með þvingaðar í lært hjálparleysi er brot á reglugerð 910/2014 um velferð hrossa.

Undir 13. gr reglugerðar 910/2014 um velferð hrossa segir að ekki megi framkvæma aðgerðir á hrossum, þ.á.m. á tönnum þeirra, án læknisfræðilegrar ástæðu. Í þessari starfsemi er verið að taka blóð úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu sem þjónar ekki læknisfræðilegum tilgangi fyrir hryssurnar. Þarna er um að ræða lagalegt álitamál, þ.e. hvort dýralæknar hafi yfir höfuð heimild til að framkvæma þetta inngrip í þessari starfsemi.

Verið er að taka mjög hátt hlutfall blóðmagns úr hryssunum í hvert skipti og stuttur tími fyrir þær að jafna sig á milli blóðtaka, þ.e. teknir 5 lítrar á viku í 8 vikur að hausti. Íslenskir hestar eru um 300-400 kg eftir stærð og holdafari, meðal hestur um 350-380 kg. Blóðmagn hrossa er 7-8% af líkamsþyngd, má þá ætla að heildarblóðmagn í hrossi sé um 24,5-30 lítrar. Það þýðir að í hvert skipti er verið að taka um 16-20% heildarblóðmagns með viku millibili úr fylfullum hryssum sem yfirleitt eru með folald. Gera má ráð fyrir að blóðtakan sé mikið álag fyrir hryssurnar þar sem verið er að taka mjög hátt hlutfall heildarblóðmagns og

það vikulega í 8 vikur. Búast má við að þær finni fyrir miklum vanlíða við að missa svo hátt hlutfall blóðmagns við hverja blóðtöku og að það hafi áhrif á heilsu þeirra á þessu tímabili.

Þennan lið þarf að fella burt.

### **Aðgerð 19**

*Framtíð loðdýraræktar verði tryggð, t.d. með útflutningsábyrgðum, fóðurstyrkjum og sérstökum framkvæmdalánum.*

Loðdýrarækt er umdeildur iðnaður sem felur í sér ræktun minnka vegna skinns þeirra. Um er að ræða verksmiðjubúskap þar sem villt dýr eru haldin í litlum vírnetsbúrum þar sem þau geta ekki sýnt eðlilegt atferli. Samkvæmt 1. gr laga 55/2013 um velferð dýra segir “ [...] markmið laganna að þau [dýr] geti sýnt sitt eðlilega aferli eins og frekast er unnt”. Meðferð dýra í loðdýrarækt samræmist ekki þessu ákvæði. Þennan iðnað á ekki að styrkja frekar, hægt væri að aðstoða bændur við að hætta þessari starfsemi.

Loðdýrarækt hefur verið lögð niður í fjölda Evrópuríkja vegna velferðarsjónarmiða, þ.m.t í Noregi. Ísland á að fylgja þessari þróun og leggja niður þennan iðnað. Þennan lið þarf að fella burt.

Virðingarfyllt,

Linda Karen Gunnarsdóttir, hestafræðingur